

Eiríksstaðanefnd, 18. fundur

Dags. 17. janúar 2020

**Átjándi fundur Eiríksstaðanefndar haldinn að Borgartúni 30,
17. janúar kl. 14.30**

Allir nefndarmenn mættir nema Þuríður sem hafði boðað forföll. Sveitarstjóri Dalabyggðar Kristján Sturluson sótti fundinn svo og Jóhanna Sigmundsdóttir sem er nýráðin verkefnastjóri atvinnu-, markaðs- og menningamála í Dalabyggð og Axel Hallkell Jóhannesson hönnuður.

Rögnvaldur formaður gerði tillögu um dagskrá sem var samþykkt. Þetta gerðist:

1. Fjármögnum verkefnis

Sveitarstjóri gerir ráð fyrir að niðurstaða umsókna um fjármögnun liggi fyrir í marsmánuði. Engin sérstök vandamál fyrirsjáanleg.

2. Staða framkvæmda og verkáætlun

Allt virðist stefna að því að unnt verði að opna Vínlandssetrið 23. apríl á sumardaginn fyrsta. Kjartan, Sirrý og Seli fara vestur í næstu viku.

3. Vinna listamanna og undirbúningur sýningar

Vinna listamanna er á áætlun. Kjartan hefur unnið að hljóðleiðsögn sem er tilbúin. Hann mun senda nefndarmönnum hljóðleiðsögnina í tölvupósti síðdegis í dag og vonar að hann fái viðbrögð hið allra fyrsta.

4. Rekstur staðarins

Viðræður hafa staðið yfir við Dalakot og Iceland closeup. Sveitarstjóri bjartsýnn á að það takist jafnvel í næstu viku að lenda málinu með samkomulagi. Rögnvaldur er reiðubúinn til að aðstoða við markaðsmál eftir því sem þörf krefur.

5. Kynningarefni og markaðsmál

Málið rætt.

6. Önnur mál

Sveitarstjóri skýrði frá því að Svavar, Jóhanna og einn frá rekstraraðilum myndu fara í að undirbúa opnun Vínlandsseturs. Gert ráð fyrir að opnunarþakoman hefjist klukkan 15 síðdegis 23. apríl og að þess verði farið á leit við forseta Íslands að hann opni setrið. Alls konar hugmyndir ræddar varðandi opnunina sem verður komið áleiðis.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. 15.45.

Fundargerð ritaði Svavar Gestsson.